

# Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl 2011

um samþykkt eða synjun laga nr. 13/2011

Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram hinn 9. apríl 2011 um gildi laga nr. 13/2011 sem samþykkt voru á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði staðfestingar. Samkvæmt stjórnarskránni skal því leggja löginn undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Innanríkisráðuneytinu ber að senda öllum heimilum í landinu sérprentun laganna sem kosið er um og eru þau birt í opnu þessa bæklingi.



# Um þjóðaratkvæðagreiðsluna

Hinn 16. febrúar síðastliðinn samþykkti Alþingi lög nr. 13/2011 um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Forseti Íslands synjaði lögnum staðfestingar 20. febrúar síðastliðinn og því ber, samkvæmt 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, að leggja þau svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu.

Þjóðaratkvæðagreiðslan 9. apríl fer fram samkvæmt lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna nr. 91/2010, með síðari breytingum. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst 16. mars innan lands og utan. Hægt er að kjósa hjá öllum sýslumönnum hér á landi og erlendis hjá sendiskrifstofum Íslands og kjörræðismönnum.

Um kosningarrett og kjörskrá fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag og þær skal leggja fram hjá sveitarstjórnnum almenningi til sýnis eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag. Mörk kjördæma eru þau sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.

## Kjörseðill

Á kjörseðli verður spurt hvort lögini eigi að halda gildi eða falla úr gildi. Meiri hluti gildra atkvæða ræður úrslitum. Eins og við kosningar til Alþingis eru auðir seðlar ógildir.

Ef meiri hluti svarar játandi halda lögini gildi.

Ef meiri hluti svarar neitandi falla lögini úr gildi.

### KJÖRSEÐILL

Lög nr. 13/2011 kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Lögini voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar.

Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?

Merkið í annan hvorn ferninginn hér að neðan.

Já, þau eiga að halda gildi.

Nei, þau eiga að falla úr gildi.

# Lög

um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

## 1. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að staðfesta með undirritun samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á:

- a. endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og
- b. greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

## 2. gr.

Fjármálaráðherra skal semja við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta um framkvæmd samninganna skv. 1. gr., m.a. að því er varðar upplýsingagjöf til Alþingis, fjárhagsleg atriði er tengjast fullnustu samninganna, eftirlit með slitameðferð og fjárhagslega umsýslu í tengslum við úthlutanir úr búi Landsbanka Íslands hf.

## 3. gr.

Lög nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., falla brott.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### I.

Iðgjöldum sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta innheimtir af fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, eftir gildistöku laga þessara verður ekki varið til greiðslu kostnaðar af þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í 1. gr.

Í samræmi við samning skv. 2. gr. skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta verja öðrum fjármunum sínum til greiðslu skuldbindinga skv. 1. gr.

### II.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að inna af hendi greiðslur úr ríkissjóði til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2011, allt að 26,1 milljarði kr., vegna vaxtagjalda af skuldbindingum sem kveðið er á um í samningunum fyrir árin 2009 til 2011 og vegna endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á kostnaði við greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og verði samsvarandi heimild í fjárukalögum fyrir árið 2011.

*Samþykkt á Alþingi 16. febrúar 2011.*

# 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands

nr. 33 17. júní 1944

*Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Löginn falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.*

## Upplýsingar

### althingi.is

Innanríkisráðuneytið vekur athygli á því að á vefsíðu Alþingis, althingi.is, undir dálkinum Efni um Icesave, er að finna frumvarpið sem varð að lögum nr. 13/2011 ásamt öllum skjölum er varða meðferð þess.

### kosning.is

Upplýsingar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru á vefnum kosning.is.

### thjodaratkvaedi.is

Kynning Lagastofnunar Háskóla Íslands á Icesave-samningunum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 9. apríl 2011 ásamt upplýsingum um vefslóðir með mismunandi sjónarmiðum.

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi

150 Reykjavík

Sími 545 9000

Bréfasími 552 7340

postur@irr.is

www.innanrikisraduneyti.is